

Leikskólinn Vinaminni



Starfsáætlun

2026 – 2027

Framtíðarsýn leikskólans Vinaminnis

Nemendur leikskólans Vinaminnis fara sjálfstæðir, félagslega sterkir og með góðan málþroska í grunnskólann. Nemendur byggja framtíð sína á traustum grunni til að takast á við áskoranir og komast þangað sem hugur og draumar leiða þau í lífinu, landi og þjóð til sóma.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	6
4. Starfsþróunarsamtöl	8
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	8
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
7. Foreldrasamstarf	9
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	10
9. Fylgiskjöl:	11
9.1 Álfasteinn, 1-2 ára börn	11
9.1.1 Innra mat Álfasteins skólaárið 2025 – 2026	11
9.1.2 Umbótaáætlun Álfasteins skólaárið 2026 - 2027	11
9.2 Dvergasteinn, 2-3 ára börn	13
9.2.1 Innra mat Dvergasteins skólaárið 2025 – 2026	13
9.2.2 Umbótaáætlun Dvergasteins skólaárið 2026 - 2027	13
9.3 Völusteinn 3 - 4 ára börn	15
9.3.1 Innra mat Völusteins skólaárið 2025 – 2026	15
9.3.2 Umbótaáætlun Völusteins skólaárið 2026 - 2027	15
9.4 Töfrasteinn, 4 – 6 ára börn	17
9.4.1 Innra mat Töfrasteins skólaárið 2025 - 2026	17
9.4.2 Umbótaáætlun Töfrasteins skólaárið 2026 – 2027	17
9.3 Leikskóladagatal	20



1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025 – 2026 hófst á breytingum á rekstaraðila leikskólans sem reyndu á styrk, samheldni og fagmennsku starfsfólksins. Stofnandi leikskólans, Sólveig Einarsdóttir, ákvað eftir rúmlega 30 ára starf að stíga til hliðar. Dóttir hennar, Svandís Hlín, tók við rekstrinum, staðráðin í að halda á lofti því góða starfi og orðspori sem móðir hennar hafði byggt upp.

Ákveðið var að ég yrði áfram leikskólastjóri. Ég hef starfað í Vinaminni í hart nær 30 ár, þar af sem leikskólastjóri síðastliðin þrjú ár, og þekki því starfsemina og hugsjón leikskólans vel. Þetta tryggði stöðugleika fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Meirihluti starfsfólks hélt áfram störfum, sem studdi við samfellu í starfinu. Deildarstjórar gengdu lykilhlutverki við að viðhalda stöðugleika innan deilda og tryggðu að börnin nyttu uppbyggilegs og þroskandi starfs, auk þess að hlúa að vellíðan barna, foreldra og starfsfólks.

Á tímum breytinga komu jafnframt fram fjölmargar góðar hugmyndir um þróun starfsins í takt við nútímann. Sumar þeirra hafa þegar verið innleiddar, aðrar eru í vinnslu eða til skoðunar.

Skólaárið 2025 – 2026 einkenndist af farsælu aðlögunartímabili þar sem börnin nutu sín vel og sýndu jákvæðan þroska í leik og starfi. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði, sjálfshjálp, góða umgengni og félagsfærni eldri barna, á meðan yngri börnin fengu tækifæri til að læra í gegnum þemavinnu, leik, útiveru og tákni með tali.

Í starfi leikskólans í heild var lögð áhersla á inngildingu og farsæld barna. Starfið byggðist meðal annar sá hugmyndafræði Berit Bae um mikilvægi virðingar og hlustunar í samskiptum fullorðinna og barna fyrir þróun sjálfsmyndar. Jafnframt var hreyfiproski barna hafður að leiðarljósi í daglegu starfi.

Formlegri vetrardagskrá lauk með hátíðlegri athöfn á opnum degi leikskólans 1. Maí, þar sem börnin kynntu afrakstur vetrarins fyrir foreldrum, fjölskyldu og vinum. Í framhaldi hófst sumardagskrá leikskólans sem einkendist af vettvangsferðum og útiveru. Útskrift elstu barnanna, svokallaðs vísdómshóps, var 14. Maí. Þar fluttu börnin leikrit sem þau höfðu sjálf samið, fengu afhenta viðurkenningu og rós og nutu samveru með gestum yfir veitingum.

Á vorönn hófst undirbúningur að áherslum og þróunarverkefnum næsta skólaárs. Unnið verður að því að styðja starfsfólk í að takast á við hraðar samfélagsbreytingar, auk þess að mæta þörfum foreldra fyrir skilvirkar boðleiðir og bætt upplýsingaflæði með áframhaldandi þróun stafrænnar tækni og þjónustu. Fyrirhugaðar eru breytingar á útisvæði leikskólans og farið verður í eðlilega endurnýjun á aðbúnaði, námsefni og leikföngum þar sem þörf er á.

Lögð verður áhersla á að efla uppeldisstefnu leikskólans enn frekar, með skýrari áherslum á sjálfstæði barnsins, sterka félagsfærni og málþroska. Markmiðið er að nemendur fari frá Vinaminni vel undirbúnir inn í grunnskóla sem sjálfstæðir og öruggir einstaklingar, með þor til að takast á við áskoranir, standa með sjálfum sér og tjá skoðanir sínar í fjölbreyttum aðstæðum lífsins.

Með bestu kveðju,

Pernille Tönder

Leikskólastjóri

Leikskólinn Vinaminni



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir skólaárið 2025-2026

Innra og ytra mat er markvisst umbótamiðað mat á umbótabáttum starfsáætlunar fyrir skólaárið 2025 – 2026 til að greina styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir komandi skólaár.

Hvað var metið?	Inngilding og fullgilding Að halda á lofti þýðingu inngilding – fullgilding svo allt starfsfólk skólans vinni að því að jafnræði ríki á vinnustaðnum milli allra í skólasamfélaginu óháð bakgrunni, uppruna og menningu.
Hvernig fór matið fram?	Starfsþróunarsamtöl og skráningar
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður matsins leiddu í ljós að starfsfólk upplifir sig almennt sem hluta af heildinni og líður vel í vinnunni. Mat deildarstjóra bendir þó til þess að tungumálaörðugleikar geti komið upp, sem í sumum tilfellum leiða til misskilnings í samskiptum. Ákveðið hefur verið að bregðast við því með markvissum umbótum í starfi leikskólans.

Hvað var metið?	Stjórnunarhættir Sameiginleg sýn og framgangur á markmiðum og árangri með það að leiðarljósi að starfsfólk ásamt börnum og foreldrum líði sem best, með áherslu á jafnrétti og félags-, mál- og hreyfiproska barnanna.
Hvernig fór matið fram?	Ígrundun og fagleg endurgjöf á stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Stjórnendafundir eru haldnir mánaðarlega þar sem unnið er markvisst að því að efla sameiginlega sýn, ræða áherslur hverju sinni og fylgja eftir umbótaverkefnum eftir þörfum. Niðurstöður funda eru skráðar í fundargerðir. Samræming stjórnendateymis hefur gengið vel og skilað öflugra og samstilltara teymi. Stjórnendur, leikskólastjóri og deildarstjórar, hafa jafnframt tekið þátt í markvissri stjórnendabjálfun sem hefur stutt við faglega þróun þeirra.

Hvað var metið?	Gagnvirkiskenningar Beritar Bae í starfi skólans Að starfsfólk þekki og geti nýtt sér gagnvirkiskenningu Beritar Bae í starfinu með börnunum. Að starfsfólk efla sig í samskiptum við börnin með þróun sjálfsins í huga fyrir báða aðila.
Hvernig fór matið fram?	Á skipulagsdeginum 16. mars 2026 var lagt mat á innleiðingu hugmyndafræðinnar. Starfsfólki var skipt í hópa, fengu spurningar tengt lykilhugtökum og ræddu sín á milli. Í kjölfarið kynnti hver hópur niðurstöður sínar og voru þær skráðar. o.fl. og síðan sagði hver hópur frá sínum niðurstöðum. Niðurstöður voru skráðar.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk skólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður benda til þess að starfsfólk hafi tekið eftir kynningarefni, svo sem veggspjöldum, sem stuðlaði að aukinni vitun um hugmyndafræði leikskólans. Það starfsfólk sem gaf sér tíma til að kynna sér hugtökin nánar upplifði breytingar á eigin starfsháttum sem skiluðu sér í bættum samskiptum og aukinni gagnkvæmri virðingu. Einnig kom fram að innleiðing hugmyndafræðinnar hefði mátt vera markvissari, til dæmis með reglubundnum umræðum yfir skólaárið. Slíkt hefði stutt betur við að starfsfólk nýtti þekkinguna í daglegu starfi og leik með börnunum. Vilji er meðal starfsfólks að halda áfram vinnu með hugmyndafræðina og efla innleiðingu hennar á næsta skólaári.



Hvað var matið?	Hreyfiproski og hreyfifærni barnanna. Styðjast við YAP (young athletes program) hreyfifærnismat: útbúa skimunarlista sem sýnir á einfaldan hátt hreyfifærni barnanna. Leggja matið fyrir reglulega (þ.e. tvisvar á ári) svo hægt sé að fylgjast með framförum barnanna í grófhreyfingum. Að starfsfólk skólans geti nýtt skimanir til að skipuleggja skemmtilegar og áhrifaríkar þrautir og æfingar með börnunum, sem hjálpar þeim að ná góðri færni í hreyfiproska sínum.
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarstjórafundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Verkefnið var undirbúið og hreyfing var samþætt dagsskipulagi leikskólans. Unnið var að gerð skimunarlista en innleiðing YAP-matsins náðist ekki að fullu á tímabilinu. Þrátt fyrir það var hreyfing ríkulegur þáttu í starfi leikskólans, sem skilaði sér í framförum í hreyfiproska barnanna. Tækifæri til umbóta felast í því að ljúka innleiðingu skimunarlista og tryggja reglubundið mat, þannig að fylgjast megi markvisst með framförum og nýta niðurstöður betur í skipulagningu starfsins.

Hvað var matið?	Farsæld barna Að íslenskt farsældarkerfi nái yfir þau börn sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda og þau fái alla þá þjónustu sem þau þurfa.
Hvernig fór matið fram?	Umræður á stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri og deildastjórar eldri deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikskólinn og þau börn sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda hafa fengið góðan stuðning frá teymi Suðurmiðstöðvar. Samvinna milli leikskólans og teymi Suðurmiðstöðvar hefur verið góð sem hefur tryggt að börn í leikskólanum fái þá þjónustu og stuðning sem þau þurfa.



3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Matspættir umbótaáætlunar leikskólans taka mið af skólanámskrá Leikskólans Vinaminni og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Sameiginlega verður unnið að fjórum matspáttum fyrir allan leikskólann skólaárið 2026-2027; 1) málörvun, 2) kenningar Jean Piaget um vitsmunabroska barna, 3) heilbrigði og velferð og 4) sköpun.

Matspáttur	Málörvun í daglegu starfi leikskólans
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla málþroska, orðaforða og tjáningu barna.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Innleiða markvissar og þematengdar málörvunarstundir í dagsskipulag allra deilda. Nýta vísdomsstundir og hópastarf til að efla fjölbreyttan orðaforða barnanna. Efla samstarf og samræmi í málörvunarstarfi þvert á deildir með reglulegri miðlun hugmynda, verkefna og reynsu. Halda áfram þróun og notkun Galdrakofforta sem hluta af skapandi málörvunarstarfi. Tryggja reglubundna eftirfylgni og skráningar á framvindu
Ábyrgð	Deildarstjórar
Upphaf og áætluð lok	september 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? (Hvaða aðferðir á að nota við matið)	Stuðst verður við staðlaðar málþroskaskimanir svo sem Orðaskil, LANIS, EFl2 og HLJÓM. Mat verður framkvæmt og skrá deildarstjórum og leikskólastjóra tvisvar á hvorri önn skólaársins 2026 - 2027.
Viðmið um árangur?	Að niðurstöður málþroskamælinga sýni framfarir og góða færni barna í íslensku. Að börn sýni aukinn skilning á töluðu máli og geti tjáð hugsanir sínar, líðan og tilfinningar á fjölbreyttan hátt. Að börnin nýti tungumálið í samskiptum, meðal annars til að leysa ágreining og efla jákvæð samskipti.

Matspáttur	Kenningar Jean Piaget um vitsmunabroska og áframhald innleiðingar á hugmyndafræði Berit Bae
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla uppeldisstefnu leikskólans með aukinni áherslu á kenningar Jean Piaget um vitsmunabroska barna, með það að markmiði að styðja við sjálfsöryggi og alhliða þroska þeirra. Jafnframt að halda áfram markvissri innleiðingu á hugmyndafræði Beritar Bae í daglegt starf.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Móta samræmda áætlun um fræðslu, þjálfun og innleiðingu hugmyndafræðinnar í daglegt starf leikskólans. Þýða og yfirfæra lykilhugtök kenninganna yfir á daglegt starf, þannig að þau verði skýr og aðgengileg starfsfólki. Gera hugmyndafræðina sýnilega í skipulagi, dagsskipulagi, fundum, skráningum og í samskiptum við foreldra. Tryggja reglubundna eftirfylgni og skráningar á innleiðingu og framvindu.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Upphaf og áætluð lok	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta (Hvaða aðferðir á að nota við matið)	Reglulegt mat í daglegu starfi með tuttri ígrundun starfsfólks á deildum. Áfangamat í lok hverrar annar þar sem metið er hvort innleiðing hafi skilað breytingum í starfsháttum. Heildarmat á skipulagsdegi á vorönn 2027.
Viðmið um árangur?	Hugmyndafræðin er sýnileg í skipulagi og daglegu starfi leikskólans. Starfsfólk nýtir kenningar Jean Piaget í starfi sínu með því að styðja við nám barna í gegnum eigin virkni, reynslu og uppgötvun. Starfsfólk þekkir helstu stig vitsmunabroska og tekur mið af þeim við skipulag verkefna, leik og daglegra athafna. Börn fá tækifæri til að takast á við áskoranir á eigin forsendum og byggja upp skilning á umhverfi sínu. Starfsfólk heldur áfram að efla færni sína í samskiptum við börn í anda hugmyndafræði Beritar Bae, með áherslu á virðingu og þróun sjálfsmyndar.



Matsþáttur	Heilbrigði og velferð
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla vitund barna og starfsfólks um heilbrigðan lífsstíl sem byggir á hollu mataræði, reglulegri hreyfingu og góðri hvíld. Viðhalda og þróa rólegt, vel skipulagt og snyrtilegt umhverfi sem styður við vellíðan barna og starfsfólks og hvetur til leiks, náms og gleði.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Innleiða hreyfifærnimat YAP og nýta niðurstöður þess í skipulagningu hreyfistarfs. Efla fræðslu og vitund um góða umgengni, þar sem starfsfólk leiðbeinir og er börnum fyrirmynd í að ganga vel um eigur leikskólans og annarra. Styðja við jákvætt viðhorf til holls matar með því að hvetja börn til að smakka fjölbreyttan og næringarrikan mat og ræða jákvætt um fæðu. Auka og styrkja samskipti starfsfólks með skýru dagsskipulagi og skýrum verkaskiptingum, ásamt reglulegri eftirfylgni. Tryggja að starfshættir séu samræmdir þannig að allt starfsfólk viti til hvers er ætlast og geti unnið markvisst að uppbyggilegu starfi með börnunum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsfólk
Upphaf og áætluð lok	ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Reglulegt endurmat og skráningar í daglegu starfi með stuttri ígrundun á deildum. Áfangamat í lok hverrar annar þar sem metið er hvort innleiðing hafi skilað raunverulegum breytingum. Heildarmat á skipulagsdegi á vorönn 2027.
Viðmið um árangur?	Starfsfólk nýtir niðurstöður hreyfifærnimats til að skipuleggja fjölbreyttar og árangursríkar hreyfiæfingar sem styðja við hreyfiþroska barna. Starfsemi og húsnæði eru vel skipulögð og snyrtileg og skýr rútína hefur fest sig í sessi frá upphafi skólaárs og haldist út árið. Börn sýna aukna vitund um mikilvægi holls matar fyrir vöxt, þroska, leik og nám og eru jákvæð gagnvart fjölbreyttri fæðu.

Matsþáttur	Sköpun
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Auka tækifæri barna til tilrauna, uppgötvunar og tjáningar í gegnum skapandi starf.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Hanna rými deilda með það að markmiði að styðja við skapandi leik þar sem börn geta unnið bæði á gólfi og við borð. Tryggja gott aðgengi að fjölbreyttum efnivið sem hvetur til sköpunar. Hvetja börn til sjálfstæðra vinnubragða og tilrauna þar sem ferlið er í fyrirrúmi fremur en afrakstur.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda
Upphaf og áætluð lok	September 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Reglulegt endurmat og skráningar í daglegu starfi með stuttri ígrundun starfsfólks á hverri deild. Áfangamat og skráningar í lok hverrar annar til að meta hvort innleiðing hafi skilað raunverulegum breytingum. Heildarendurmat á skipulagsdegi á vorönn 2027.
Viðmið um árangur?	Að öll börn hafi fengið tækifæri til að kanna og skapa með fjölbreyttum efnivið, svo sem náttúrulegum efnivið, endurvinnsluefni eða list- og verkfæraefni.



4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn 2026 og var rætt við allt starfsfólk leikskólans. Tekið var samtal við einn starfsmann í einu og stuðst við samræmt eyðublað sem farið var yfir með hverjum starfsmanni. Í samtölunum var meðal annars rætt um líðan í starfi, styrkleika í starfi, tækifæri til umbóta og persónuleg markmið í starfi. Að loknum samtölum undirrituðu báðir aðilar eyðublöðin sem eru varðveitt á öruggan hátt.

Niðurstöður samtalanna sýna að starfsfólk upplifir góðan starfsanda í leikskólanum og almenna vellíðan í starfi. Fram kom að það sem veitir mesta hvatningu í starfi er að fylgjast með framförum barna og geta haft jákvæð áhrif á þroska þeirra með því að vera virkur þátttakandi í leik, styðja við leik barna og dýpka hann. Starfsfólk leggur áherslu á ánægjuna sem felst í að sjá börn þroskast, dafna og verða sjálfstæð og félagslega og málfarslega sterk.

Jafnframt kom fram skýr vilji hjá starfsfólki til að efla samtal og samráð innan deilda. Sérstaklega var kallað eftir auknum tíma til að ræða starfið og skipulagningu þess á deildinni.

Starfsfólki metur jafnframt fræðslu á skipulagsdögum mjög jákvætt og telur hana bæði gagnlega og hvetjandi. Fram kom áhugi á aukinni fræðslu um þroska barna og starf með þeim, með það að markmiði að efla faglega færni og bæta starfshætti enn frekar. Starfsfólk lýsir því að það nýti þessa fræðslu í daglegu starfi og hafi metnað til að þróast áfram í starfi.

5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans

Markmið leikskólans er að allt starfsfólk fá markvissa fræðslu yfir skólaárið sem vekur áhuga þess og nýtist í starfi með börnunum. Starfsfólk er hvatt til þess að sækja ráðstefnur, námskeið og aðra fræðslu sem styður við faglega þróun þess.

Einnig er starfsfólk hvatt til að stunda nám sem tengist leikskólakennarafræðum, og leitast er við að koma til móts við námsmenn þannig að þeir geti samræmt nám með vinnu.

Ef Miðja máls og læsis býður aftur upp á miðvikudagsfræðslu verður hún nýtt sem hluti af fræðslu starfsfólks.

Til skoðunar er að efla markvissa kennslu í íslensku fyrir erlent starfsfólk með það að markmiði að styrkja málfærni þess og auka öryggi í samskiptum.

Á skipulagsdögum leikskólans verða að jafnaði 1-2 aðkeypt fræðsluinnlegg þar sem valið er efni sem tengist áherslum leikskólans og styður starfsfólk í faglegri þróun. Slík fræðsla hefur það að markmiði að efla hæfni starfsfólks, sem skilar sér beint í bættum starfsháttum með börnunum.

Jafnframt verður lögð aukin áhersla á að þróa eigið fræðsluefni um uppeldisstefnu leikskólans og tryggja að starfsfólk hafi góðan skilning á henni og geti nýtt sér hana í daglegu starfi.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn leikskólans þ.e. þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti fara í heimsókn í sex ára bekk að vori og eru þá um hálfan dag í einu í heimsókn eða eftir því hvað hver grunnskóli skipuleggur. Ýmist fóru kennarar leikskólans með börnunum í þessar heimsóknir eða foreldrar tóku þær að sér. Fyrsta heimsókn barnanna í grunnskólana var kynning á skólunum og síðan fóru börnin nokkrum sinnum í heimsókn í sex ára bekk ýmist með kennurum eða foreldrum allt eftir því hverju grunnskólinn óskaði eftir og í hvaða grunnskóla börnin fara.



Í sumum grunnskólum er leikskólabörnum sem eru að byrja boðið að koma og vera í frístundastarfi grunnskólanna í ágústmánuði áður en þau byrja í grunnskólanámi.

Í vetur höfum við verið í samstarfi við Íþróttafélagið Leikni og hafa elstu börnin farið einu sinni í viku í Íþróttir í Íþróttahúsinu við Fellaskóla.

7. Foreldrasamstarf

Rík áhersla er lögð á gott foreldrasamstarf hér í Vinaminni, þar sem við teljum það ein mikilvægustu tengsl heimila og skóla og stuðlar að því að barnið upplifi öryggi og vellíðan.

Foreldrasamtöl vegna aðlögunar barna í leikskólann

Leikskólastjóri boðar alla nýja foreldra í viðtal áður en barnið byrjar í leikskólanum, eina foreldra í einu. Farið er yfir markmið leikskólans og áherslur í starfinu með börnunum. Foreldrar fylla út dvalarsamning og foreldrar og leikskólastjóri kynnast aðeins. Leikskólastjóri sýnir foreldrum leikskólann, kynnir þá fyrir deildarstjóra og starfsmönnum deildarinnar sem barnið byrjar á og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í skólanum, hvernig aðlögunin fer fram og annað sem foreldrar vilja vita. Barnið byrjar svo í leikskólanum og fær þann tíma í aðlögun sem hvert og eitt barn þarf til að ná tökum á lífinu í leikskólanum sínum.

Deildarstjórar boða foreldra barna sem færast á þeirra deild eða foreldra barna sem byrja ný á deildinni í viðtal að hausti þegar barnið hefur náð að aðlagast vel. Þar fá þessir aðilar tækifæri til að ræða um barnið, foreldrar og deildarstjóri skiptast á upplýsingum. Þessi viðtöl eru nauðsynleg til að foreldrar og deildarstjóri kynnist og geti miðlað uppeldisaðferðum sínum og áherslum í uppeldi barna sem er mjög mikilvægt.

Foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra barns síns eða leikskólastjóra þegar þau vilja yfir skólaárið.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einnig boðin öllum foreldrum skólans á vorönninni í febrúar-mars. Þá er farið vel yfir hvernig barnið stendur í alhliða þroska í skólanum. Deildarstjórar sýna foreldrum niðurstöður skimana og annarra skráninga og foreldrar koma sínum hugleiðingum á framfæri.

Teymisfundir barna með sérþarfir

Foreldrar barna með sérþarfir fá reglulega teymisfundi yfir skólaárið með fagaðilum frá ÞB, deildarstjóra, stuðningsaðila og leikskólastjóra.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í september ár hvert þar sem vetrarstarf barnanna er kynnt. Foreldrar barna af einni deild í einu eru boðaðir á fund milli kl. 15:30:00-16:30 og er boðið upp á gæslu fyrir börnin í skólanum á meðan fundurinn stendur yfir. Leikskólastjóri kynnir starfsáætlun fyrir skólaárið og deildarstjóri kynnir dagskipulagið og þær stundir sem börnin taka þátt í.

Foreldramorgunverður á föstudögum

Nánast annan hvern föstudag er foreldrum boðið að borða morgunverð með barninu/börnunum sínum í leikskólanum. Þetta er gert til að efla foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra inn í skólann smá stund. Það er dásamlegt fyrir börnin þegar foreldrar gefa sér tíma til að staldra við í leikskólanum á föstudögum og eiga með börnunum notalega stund. Þetta er engin skylda heldur geta foreldrar komið þegar þeim hentar. Foreldrasamstarf styrkist með þessu og oftast en ekki eiga foreldrar notalega stund með barninu sínu og öðrum foreldrum. Það er líka gaman að börnin gera kröfur á foreldrana að koma



og borða morgunverð með þeim í leikskólanum á föstudögum og oft geta foreldrar hagrætt vinnu sinni þennan morgun. Í boði er hafragrautur, nýtt brauð úr bakaríinu, alls kyns álegg, vatn, mjólk og kaffi.

Foreldraráð

Foreldraráð leikskólans var kosið á aðalfundi foreldrafélagsins 2. október 2025.

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið og kynnir foreldraráð starf félagsins á foreldrafundum að hausti.

Fyrir hver jól hefur skólinn í samstarfi við foreldrafélagið undirbúið jólaleiksýningu og veglegt jólaball þar sem foreldrar, börn og starfsfólk koma saman og njóta hátíðlegrar stundar saman. Foreldraráð sér þá um m.a. veitingar á jólaballinu.

Á vorönninni er fundur foreldraráðs þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna. Farið verður í fjölskyldu- og húsdýragarðinn sumarið 2026 eins og árið áður. Undanfarin ár á sumarhátíð leikskólans hefur verið skipst á að hafa útileikjabingó sem leikskólinn undirbýr og leiksýningu og hoppukastala sem foreldraráð undirbýr.

Foreldraráð býður öllu starfsfólki skólans ásamt foreldrum að sitja þriggja tíma skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Foreldraráð heldur úti lokaðri facebooksíðu fyrir foreldra skólans en þar eru settar inn upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir ásamt upplýsingum um viðburði í skólanum.

Fræðsla fyrir foreldra

Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur hefur komið tvö síðastliðin ár og boðið foreldrum upp á fyrirlestur um máltöku barna. Þessi fyrirlestur mælist vel fyrir og var ákveðið að allir foreldrar barna sem eru að hefja nám í Vinaminni fái fyrirlestur um máltöku barna í upphafi skólaárs. Einnig var ákveðið að foreldrum þriggja ára gamalla barna verði boðið að sitja fyrirlestur hvert ár.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfríi barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn í mars. Aðrir skipulagsdagar kalla ekki á lokun leikskólans.

Leikskóladagatal má finna í fylgiskjali 9.3 í starfsáætuninni.



9. Fylgiskjöl:

Leikskólinn Vinaminni er fjögurra deilda leikskóli. Deildirnar eru Álfasteinn, Dvergasteinn, Völusteinn og Töfrasteinn. Á Álfasteini eru lífsglöð 1-2 ára gömul börn, á Dvergasteini eru hamingjusöm 2-3 ára börn, á Völusteini eru kröftug 3-4 ára börn og á Töfrasteini eru lærdómsfús 4-6 ára gömul börn.

9.1 Álfasteinn, 1-2 ára börn

9.1.1 Innra mat Álfasteins skólaárið 2025 – 2026

Styrkleikar

Hreyfifærni og grófhreyfingar: Börnin fengu aukið tækifæri til að þjálfa grófhreyfingar og hreyfifærni, m.a. með stórum kubbum, notkun hreyfibrautar og frjálsum leik við fjölbreyttar leikaðstæður. Einnig gekk vel að bjóða upp á fjölbreytt verkefni og efnivið sem bættu grófhreyfingar barnanna.

Þemavinnu: Börnin lærðu um líkamshluta og gerðu skemmtileg þematengd hópverkefni sem gekk vel.

Útivera: Útivera var á sínum stað og krakkarnir fengu tækifæri til að þekkja leiksvæði sem þau leika sér á og til að efla sig í grófhreyfingum.

Leikurinn: Börnin lærðu í gegnum leikinn og þau efdust að vera í leik og samvinnu.

Tækifæri

Í upphafi skólaárs er mikilvægt að skapa skýran ramma og setja markviss mörk í daglegu starfi deildarinnar, þar sem það stuðlar að auknu öryggi og vellíðan barnanna.

Leikurinn: Umhverfi og efniviður deildarinnar skulu taka mið af þroska, áhuga og getu barnahópsins með það að markmiði að efla sjálfstæði, færni og þátttöku barna í daglegu starfi.

Mikilvægt er að leikföng og efniviður séu sýnileg og aðgengileg börnunum, þar sem það hvetur til sjálfstæðis, frumkvæðis og virkrar þátttöku í leik og námi. Jafnframt þarf að huga vel að hljóðvist innan deildarinnar og efla meðvitund starfsfólks um áhrif góðrar hljóðvistar á nám, samskipti og líðan barna.

Markmið starfsins þurfa að vera skýr og sameiginleg, auk þess sem mikilvægt er að starfsfólk sýni fagmennsku í vinnubrögðum og samskiptum í öllu starfi deildarinnar.

9.1.2 Umbótaáætlun Álfasteins skólaárið 2026 - 2027

Áherslur deildarinnar verða fjórar; málþroski, sjálfstæði, hópavinna og hreyfifærni.

Matsþáttur	Málþroski
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla tjáningarfærni og málskilning barna, þannig að þau geti tjáð helstu þarfir sínar og átt virk samskipti við aðra.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Nota lestur bóka markvisst í daglegu starfi. Bjóða upp á skipulagðar samverustundir með áherslu á málörvun og samskipti. Skapa málhvetjandi umhverfi og aðstæður í daglegu starfi. Innleiða TMT (tákn með tali) og sjónrænt skipulag eftir áramót.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk Álfasteins
Upphaf og áætluð lok	September til lok skóla árs.
Hvenær og hvernig á að meta	Reglulegt mat í gegnum umræður á deildarfundum. Skráningar á framvindu og athuganir í daglegu starfi.
Viðmið um árangur?	Börn geta tjáð helstu þarfir sínar með með bendingum, táknnum eða tali. Til dæmis þegar þau eru svöng, þurfa nýja bleyju eða hvíld. Börn sýna aukinn skilning á táknnum og myndum.



Matsþáttur	Sjálfstæði
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla sjálfstæði og sjálfsbjörg barna. Börn eru styrkt með jákvæðri hvatningu og hrósi. Umhverfi og aðbúnaður styðja við og hvetja til náms, þroska og sjálfstæðra vinnubragða.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Bjóða upp á leikfni og áhöld sem eru hæfilega krefjandi og hvetja til sjálfstæðrar þátttöku. Hvetja börn til að takast sjálf á við daglegar athafnir með stuðningi eftir þörfum, svo sem í matartímum, leik og frágangi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn á deild.
Upphaf og áætluð lok	September til lok skólaárs
Hvenær og hvernig á að meta	Reglulegt mat í gegnum samtal á deildarfundum. Skráningar og athuganir í daglegu starfi.
Viðmið um árangur?	Börn sýna aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum, til dæmis við að borða og taka þátt í einföldum verkum. Börn sýna frumkvæði og sjálfstæði í leik.

Matsþáttur	Hópavinna
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla færni barna í hópavinnu með áherslu á að læra að vera hluti af hóp og styðja við leikþroska þeirra.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Vinna markvisst að því að styðja við skapandi leik barna og að börnin upplifi það að vera hluti af hóp.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.
Upphaf og áætluð lok	September til lok skólaárs.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með reglulegu millibili með samtali á milli starfsfólks og á deildarfundum.
Viðmið um árangur?	Að börnin geti leikið saman í hóp og setið í samverustundum.

Matsþáttur	Hreyfifærni
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla fín- og grófhreyfiproska barna.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Innleiða fjölbreyttan leik í daglegt starf sem styður bæði fín- og grófhreyfingar. Bjóða upp á verkefni á borð við kubba, lita og mála. Nota skynjunartöflu og sambærilegan efnivið til að styðja við samhæfingu og skynun. Skipuleggja hreyfistundir með hreyfibrautum og klifurgrind.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk Álfasteins.
Upphaf og áætluð lok	September til lok skóla árs.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali á deildarfundum með reglulegu millibili. Skráningar
Viðmið um árangur?	Markmið er að börnin geti raðað kubbum í turn eða á plötu, sett stóra pinna í spjald, geti gengið yfir lága hindrun og skriðið í gegnum og undir hindranir.



9.2 Dvergasteinn, 2-3 ára börn

9.2.1 Innra mat Dvergasteins skólaárið 2025 – 2026

Styrkleikar

Hreyfifærnimat og þjálfun grófhreyfinga: Starfsmenn voru mikið með börnunum í hreyfistundum og voru hreyfistundir 1 sinni í viku sem hjálpaði börnunum að styrkja þau í grófhreyfingu.

Efling starfsfólks í starfi með börnunum: Það er gott og hlýtt andrúmsloft, starfsfólk hefur almennt sýnt fagmennsku og áhuga í starfi með börnunum, samskipti við börnin voru jákvæð og byggðust á virðingu og hlustun. Börnin fengu að taka þátt í því hvað þau vildu gera yfir daginn.

Tákn með tali: Börnin efdust í að nota tákn-með-tali til að tjá sig samhliða málþroska þeirra

Flæðilestur: Starfsfólk las fyrir börnin, útskýrði vel myndir og gaf þeim tíma til að hlusta á bókina. Bækur voru meira sýnilegar á deildinni. Það jók sjálfsöryggi, skilning og málþroska barnanna.

Tækifæri

Hreyfifærnimat og þjálfun grófhreyfinga: Næsta skólaár mætti passa upp á að taka hreyfidótið meira fram. Næsta ár ætlum við taka upp YAP hreyfiskimun.

Efling starfsfólks í starfi með börnunum: Fjölga deildarfundum og bæta upplýsingagjöf til starfsfólks ásamt meiri fræðslu til að stuðla að aukinni fagmennsku og bættu skipulagi börnunum til hagsbóta. Efla krakkana meira að hlusta og fara eftir fyrirætlum starfsfólks til barnanna.

Val: Niðurstöður mats sýna að val barna var nýtt að einhverju leyti, en ekki markvisst eða reglulega. Tækfæri eru til að efla þessa vinnu og gera val barna áberandi í daglegu starfi deildarinnar.

9.2.2 Umbótaáætlun Dvergasteins skólaárið 2026 - 2027

Áherslur deildarinnar eru þrjár; aukið val barnanna í frjálsum leik, þemavinna og efling starfsfólks.

Matsþáttur	Aukið val barnanna í frjálsum leik
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Auka þátttöku barna í vali á viðfangsefnum í leik, innan eðlilegra marka.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Gefa börnum aukið svigrúm til að velja leikföng og viðfangsefni í frjálsum leik. Fela börnum það hlutverk að taka þátt í vali á efniviði og skipulagningu leiks með stuðningi starfsfólks. Styðja börn í að taka ákvarðanir og koma hugmyndum sínum á framfæri í leik.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildirnar
Upphaf og áætluð lok	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Að fylgjast með hvað börnin eru að velja og skrá þetta niður hjá okkur. Tryggja að öll börn fái tækifæri til að velja viðfangsefni. Umræður á deildarfundum um framvindu og reynslu.
Viðmið um árangur?	Börnin taka virkan þátt í að velja leikföng og viðfangsefni í leik. Börn tjá óskir sínar og hugmyndir og fá tækifæri til að hafa áhrif á leikinn. Val barna endurspeglast í daglegu skipulagi og viðfangsefnum deildarinnar.



Matsþáttur	Þemavinna um húsdýr
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla þekkingu barna á húsdýrum með þátttöku í þemavinnu. Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja hæfni barna í að starfa í hóp og styðja við leikþroska þeirra.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Ræða við börnin um viðfangsefnið og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í hugmyndavinnu um hvað á að læra og gera. Nota bækur, lestur og umræður til að efla skilning barna á dýrum, lífnaðarháttum þeirra og nýtingu. Bjóða upp á skapandi verkefni, svo sem föndur, tengt þemanu.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Upphaf og áætluð lok	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Skipulag og framkvæmd metin fyrirfram og endurmetin reglulega í framvindu verkefnisins. Umræður á deildarfundum um hvernig gengur og hvað má bæta. Skráningar og athuganir á þátttöku og áhuga barna.
Viðmið um árangur?	Börn sýna aukna þekkingu á húsdýrum, til dæmis hvað þau gera og hvaða hlutverki þau gegna. Börn taka þátt í þemavinnu og sýna áhuga á viðfangsefninu. Börn styrkjast í að starfa í hóp og taka þátt í sameiginlegum verkefnum.

Matsþáttur	Efling starfsfólks
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Að efla starfsfólk á deildinni á jákvæðan hátt með áherslu á starfshætti og hlutverk þeirra. Sérstök áhersla er á mikilvægi þess að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna, styðji við hann og efla þannig þroska þeirra. Markmiðið er jafnframt að auka vellíðan starfsfólks í starfi og stuðla að auknu metnaði og faglegri þróun.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Skýra hlutverk starfsfólks í daglegu starfi og mikilvægi þátttöku í leik barna. Tryggja skýrt og sýnilegt dagsskipulag þannig að starfsfólk viti til hvers er ætlast af því. Hvetja starfsfólk til að vera virkt í samskiptum við börn, sýna þeim áhuga og styðja leik þeirra. Skipta reglulega um leik- og námsefni til að viðhalda áhuga og efla fjölbreytni í starfinu. Veita starfsfólki reglulega endurgjöf og stuðning í starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Upphaf og áætluð lok	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Að halda deildafundir og tala við starfsfólkið inn á deildum um m.a. hvernig þeim líður og hvað gengur vel og hvað er hægt að gera betur.
Viðmið um árangur?	Starfsfólk tekur virkan þátt í leik barna og styður við þroska þeirra. Starfsfólk sýnir virðingu í samskiptum, aukinn faglegan metnað og öryggi í starfi.



9.3 Völusteinn 3 - 4 ára börn

9.3.1 Innra mat Völusteins skólaárið 2025 – 2026

Styrkleikar

Hreyfifærni og grófhreyfingar: Regluleg útivera og uppsetning hreyfibrauta innan dyra, ásamt vikulegum danspartýum stuðlaði að þjálfun grófhreyfinga

Félagsfærni: Það hefur gengið vel að kenna börnunum að tjá tilfinningar sínar og líðan, við höfum unnið mikið með að skiptast á og bera virðingu og sýna þolinmæði fyrir félögunum og umhverfinu. Hópurinn í heild hefur náð góðum tókum á grunn undirstöðum félagsfærni

Sjálfstæði og sjálfshjálp: Börnin klæða sig sjálf að mestu, eru dugleg að borða með hníf og gaffli og ganga sjálf frá eftir sig, eining geta þau flest farið sjálf og Klósettið fyrir utan þau sem eru með bleyju.

Málörvun: Hópurinn í heild hefur styrkst í notkun á tungumálinu og öll börn náð framförum í vetur. Mikil áhersla var lögð á málörvunarstöðvar og notkun á málinu í leik sem hefur borið árangur.

Tekist að búa til jákvætt og öruggt umhverfi sem hópurinn getur treyst. Það hefur aukið á tækifæri til að ná betri tókum á tungumálinu, auka félagslega færni og ýtt undir að leitað sé til kennaranna um ráð.

Tækifæri

Hreyfifærni og grófhreyfingar: Hreyfifærnismat ásamt markvissari þjálfun grófhreyfinga. Notkun skráninga eins og Yap.

Félags og vináttufærni: Kenna betur tjáskipti í stórum hópum þar sem þau skiptast betur á að tala og hlusta á hugmyndir annarra.

Sjálfstæði og sjálfshjálp: Leggja meiri áherslu á snyrtimennsku í matmálistíma

Málörvun: Auka við kennslu á framburð og málhljóðum

Skipulag deildar: Skipulag hvers dags sé einfalt og skýrt og að allir viti sitt hlutverk. Börn og starfsfólk.

9.3.2 Umbótaáætlun Völusteins skólaárið 2026 - 2027

Áherslur deildarinnar eru þrjár; félags- og vináttufærni, skipulag deildar og aukin samvinna milli deildanna Völusteins og Töfrasteins.

Matsþáttur	Félags- og vináttufærni
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla félags- og vináttufærni með áherslu á að þjálfast í að skiptast á, bíða, taka tillit til annara og bera virðingu fyrir öðrum.
Aðferðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Fyrirmynd og leiðsögn í samskiptum: Starfsfólk sýnir með eigin framkomu hvernig á að skiptast á, bíða og sýna virðingu. Notað eru einfalt og skýrt orðalag sem börnin geta tekið upp, t.d. "Má ég fá?" eða "Ég bíð". Hlutverkaleikur og æfingar: Börnin æfa samskipti í öruggu umhverfi í gegnum leik og æfingar þar sem starfsfólk leiðbeinir og gefur hrós. Stuðningur í raunverulegum aðstæðum: Starfsfólk grípur inn í með uppbyggilegum hætti þegar upp koma deilur eða samskipti eru erfið og leiðbeinir börnunum í lausnum frekar en að leysa málin fyrir þau. Minni hópar: Börnin eru oftar í minni hópum þar sem auðveldara er að æfa samskipti og starfsfólk getur fylgst betur með og stutt við hvert barn. Samræmi í nálgun: Starfsfólk notar sömu orð og aðferðir reglulega svo börnin læri í gegnum endurtekningu og viti búist er við af þeim.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk Völusteins
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið.



Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali á deildarfundum í nóvember, febrúar og apríl. Skráningar í daglegu starfi.
Viðmið um árangur?	Skráningar sýna að börnin eiga auðveldara með að skiptast á, bíða, taka tillit til hvers annars og sýna meiri virðingu með minni aðstoð starfsfólks.

Matspáttur	Skipulag deildar
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Skipulag hvers dags sé einfalt og skýrt og að allir viti sitt hlutverk. Börn og starfsfólk.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Stundatafla: Skýr og einföld stundatafla Dagskipulag: Farið er yfir allan daginn í alstund á morgnana þar sem bæði börn og kennarar sjá daginn og hvernig hann lítur út Myndlist: Að gerðar séu skráningar fyrir verkefni sem hafa verið unnin og hverjir hafa lokið þeim til að öðlast betri yfirsýn Hlutverk: Að styrkleikar hvers og eins séu nýttir og hlutverk inn á deild séu skýr
Ábyrgð	Deildarstjóri og Starfsmenn
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali, skráningum og á deildarfundum.
Viðmið um árangur?	Að bæði börn og starfsfólk líði vel og sé öruggt í því sem það tekur sér fyrir hendur og skilji sitt hlutverk.

Matspáttur	Nánari samvinna milli Völusteins og Töfrasteins
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Að meiri samvinna sé milli deilda í skipulögðum stundum og leik. t.d vali og málörvun
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Skipulag: Setja inn í skipulag í upphafa skólaárs samvinnu milli deilda. Samval: Hafa samval þar sem hópnum er blandað saman í vali Deildarstjórar: Tali reglulega saman og gott upplýsingafæðu sé á milli svo unnið sé að sameiginlegum markmiðum í leik og starfi á þágu barnanna. Einnig að nýta mannauðinn sem best og aðstoða hvort annað. Málörvun: Að börn á sama aldursbili séu saman í málörvunar stundum og möguleiki sé fyrir hendi að taka auka börn inn ef að ástæða þykir til
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali, skráningum og á reglulegum deildarstjóra fundum
Viðmið um árangur?	Að börn og starfsfólk átti sig á samstarfi milli deildanna. Að flæði milli deilda verður einfalt og að börnin þekki vel til kennara beggja deilda.



9.4 Töfrasteinn, 4 – 6 ára börn

9.4.1 Innra mat Töfrasteins skólaárið 2025 - 2026

Styrkleikar

Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfinga: Elstu börnin sóttu vikulega skipulagða íþróttatíma á vegum Leiknis í íþróttahúsinu í Austurbergi. Þjálfunin skilaði góðum árangri og hefur úthald og öryggi barnanna aukist.

Umgengni á deildinni: Framfarir hafa orðið í þátttöku barna við frágang leikefnis og í fataklefa. Börnin sýna aukna ábyrgð og sjálfstæði í daglegum verkum.

Matmálstímar: Börnin skammta sér sjálf í matartímum, sem hefur stuðlað að minni matarsóun. Borðsiðir hafa jafnframt tekið framförum.

Smíðjan og skapandi starf: Listsköpun hefur gengið vel. Skapandi leikur er þó sterkur þáttur í starfinu.

Félagsfærni: Barnahópurinn er samheldnari en í upphafi skólaárs, þau sýna hvert öðru meiri virðingu, umburðarlyndi og þolinmæði. Þau taka frekar tillit til annarra en áður og hafa bætt hæfni sína til að lesa í félagslegar aðstæður.

Tækifæri

Hreyfifærnismat og þjálfun grófhreyfinga: Hreyfiþjálfun var ekki nægjanlega markviss og er tækifæri til að efla hana. YAP hreyfiþrógram og skimunarlistar voru ekki nýttir í starfinu.

Umgengni á deildinni: Ekki voru útbúnir skráningalistar fyrir frágang og umgengni, heldur vinnulag breytt samhliða breytingum á barna- og starfsmannahóp deildarinnar.

Smíðjan og skapandi starf: Tækifæri eru til að auka fjölbreytni og efla frumkvæði barna í skapandi starfi.

Félagsfærni: Efla markvissa þjálfun í félagsfærni og tilfinningastjórnun með skipulögðum og samræmdum hætti. Jafnframt er mikilvægt að auka samræmi í orðalagi og viðbrögðum starfsfólks til að stuðla að fyrirsjáanleika og skýrum samskiptum.

Þá er einnig mikilvægt að styrkja skráningar og eftirfylgni með það að markmiði að bæta yfirsýn, tryggja samfellu í stuðningi og auðvelda mat á árangri úrræða.

9.4.2 Umbótaáætlun Töfrasteins skólaárið 2026 – 2027

Áherslur deildarinnar er fjórar; félags- og vináttufærni, viðvera barna í leik, tilfinningastjórnun og sjálfstjórn og aukið samstarf milli deildanna Töfrasteins og Völusteins.

Matsþáttur	Efla félags- og vináttufærni
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Börnin þjálfast í að skiptast á, biða, taka tillit til annara og bera virðingu fyrir öðrum.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Fyrirmynd og leiðsögn í samskiptum: Starfsfólk sýnir með eigin framkomu hvernig á að skiptast á, biða og sýna virðingu. Notað eru einfalt og skýrt orðalag sem börnin geta tekið upp, t.d. "Má ég fá?" eða "Ég bíð". Hlutverkaleikur og æfingar: Börnin æfa samskipti í öruggu umhverfi í gegnum leik og æfingar þar sem starfsfólk leiðbeinir og gefur hrós. Stuðningur í raunverulegum aðstæðum: Starfsfólk grípur inn í með uppbyggilegum hætti þegar upp koma deilur eða samskipti eru erfið og leiðbeinir börnunum í lausnum frekar en að leysa málin fyrir þau. Minni hópar: Börnin eru oftari í minni hópum þar sem auðveldara er að æfa samskipti og starfsfólk getur fylgst betur með og stutt við hvert barn. Samræmi í nálgun: Starfsfólk notar sömu orð og aðferðir reglulega svo börnin læri í gegnum endurtekningu og viti buist er við af þeim.



Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk Töfrasteins
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali á deildarfundum í nóvember, febrúar og apríl. Skráningar í daglegu starfi.
Viðmið um árangur?	Skráningar sýna að börnin eiga auðveldara með að skiptast á, bíða, taka tillit til hvers annars og sýna meiri virðingu með minni aðstoð starfsfólks.

Matspáttur	Viðvera barna í leik
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Leggja áherslu á að efla úthald barna í leik og lengja viðveru í verkefnum.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Unnið verður markvisst að því að styrkja skapandi leik barna, með það að markmiði að auka einbeitingu, dýpt í leik og samfellu í leikferlum. Skipulag leiksvæða: Leiksvæði verða skipulögð með skýrum hætti, þar sem afmörkuð leiksvæði með aðlaðandi og fjölbreyttum efnivið styðja við dýpri og samfelldari leik. Dregið verður úr of miklu áreiti og valkostum hverju sinni. Markviss notkun efniviðar: Boðið verður upp á opinn og skapandi efnivið sem krefst hugmyndaflugs, hlutverkaleiks og samvinnu (t.d. kubbar, lausir efniviðir, hlutverkaleikfni). Efniviður verður endurnýjaður reglulega til að viðhalda áhuga. Hlutverk starfsfólks í leik: Starfsfólk tekur virkan þátt í leik barna með því að styðja við framvindu, hjálpa börnum að halda þræði og efla samskipti. Lögð verður áhersla á að grípa inn í á uppbyggilegan hátt frekar en að stýra leiknum. Tímarammi og samfella: Tryggður verður nægjanlegur samfelldur leiktími án truflana yfir daginn, þannig að börn hafi raunhæfan möguleika á að dýpka leik sinn. Smærri hópar: Börnum verður oftast skipt upp í smærri hópa til að draga úr áreiti, auka einbeitingu og styðja við innihaldsríkari leik. Sameiginleg sýn og endurmat: Starfsfólk mótar sameiginlega sýn á gildi leiks og leiðir til að styðja við hann. Reglulegar umræður og skráningar (t.d. leikathuganir) verða nýttar til að meta árangur og aðlaga starfshætti.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta	Markvissar athuganir í leik: Starfsfólk skráir reglulega lengd og einkenni leiks. Notast verður við einföld skráningarblöð eða gátlista. Skráningar: Stuttar skráningar um leik og leikferli barna til að greina dýpt og þróun leiks. Fundir starfsfólks: Reglulegir deildarfundir þar sem farið er yfir athuganir, sameiginleg túlkun mótuð og starfshættir aðlagðir. Viðtöl og samtöl við börn: Óformleg viðtöl/samtöl við börn um leik þeirra, áhuga og upplifun til að fá þeirra sjónarhorn.
Viðmið um árangur?	Börn sýna aukið úthald í leik, sem birtist m.a. í lengri samfelldum leiktíma og færri færslum milli leiksvæða. Ráp milli verkefna hefur minnkað samkvæmt skráningum og athugunum starfsfólks. Skapandi leikur hefur eflst, sem sést í fjölbreyttari leik, aukinni notkun opins efniviðar og skýrari leikþemum. Leikur barna einkennist í auknum mæli af dýpt og samfellu, þar sem leikferlar þróast yfir lengri tíma og fela í sér skipulag, samvinnu og hlutverkaskiptingu. Börn sýna aukna einbeitingu og þátttöku í leik og halda betur athygli við valið verkefni. Starfsfólk beitir markvissum aðferðum til að styðja við leik og það endurspeglast í auknum gæðum leikstunda samkvæmt mati og skráningum.



Matspáttur	Tilfinningastjórnun og sjálfstjórn
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Efla tilfinningastjórnun og sjálfstjórn barna, þannig að þau: þekki og geti nefnt grunntilfinningar sínar. Læri að bregðast við sterkum tilfinningum á viðeigandi hátt. Geti beðið, skiptst á og fylgt reglum í leik og daglegum aðstæðum. Þrói með sér færni til að róa sig niður með eða án aðstoðar fullorðinna. Öðlist aukið þol og seiglu í krefjandi aðstæðum, t.d. við ágreining eða vonbrigða.
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Nefna og þekkja tilfinningar í daglegu starfi: Starfsfólk nefnir tilfinningar í samhengi við raunverulegar aðstæður yfir daginn, t.d. "Ég sé að þú ert reiður núna, það er eðlilegt." Notaðar eru myndir og tilfinningaspjöld til að auðvelda börnunum að þekkja og tjá tilfinningar sínar. Kennsla á slökunaraðferðum: Börnunum eru kennd einföld verkfæri til að stjórna tilfinningum, t.d. djúppöndun, að telja til tíu eða taka hlé. Aðferðirnar eru æfðar reglulega þannig að börnin geti gripið til þeirra í krefjandi aðstæðum. Fyrirmynd starfsfólks: Starfsfólk sýnir með eigin framkomu hvernig á að bregðast við erfiðum aðstæðum með ró. Stuðningur í leik og samskiptum: Starfsfólk fylgist með og grípur inn í á uppbyggilegan hátt þegar upp koma deilur eða sterk tilfinningaleg viðbrögð. Börnin fá leiðsögn í að finna lausnir frekar en að málin séu leyst fyrir þau. Samræmi og endurtekning: Sömu orð, aðferðir og viðbrögð eru notuð reglulega af öllu starfsfólki þannig að börnin læri í gegnum endurtekningu og finnist umhverfið öruggt.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta	Metið reglulega yfir skólaárið, í lok verkefna og í lok skólaárs. Matið fer fram með: Athugunum í daglegu starfi, samtöl og fundir starfsmanna, einföld og aldursmiðuð viðtöl við börn.
Viðmið um árangur?	Börn þekkja og geta nefnt helstu tilfinningar. Börn nota oftár orð en hegðun til að tjá tilfinningar. Börn nota slökunaraðferðir með eða án stuðnings. Minni átök og meiri ró í leik og samskiptum. Börn geta beðið og skiptst á í leik í auknum mæli. Starfsfólk sér aukna sjálfstjórn og betri samskipti í hópnum.

Matspáttur	Nánari samvinna milli Völusteins og Töfrasteins
Tækifæri til umbóta (hvaða árangri er stefnt að)	Að meiri samvinna sé milli deilda í skipulögðum stundum og leik. t.d vali og málörvun
Aðgerðir til umbóta (hvernig á að framkvæma það)	Skipulag: Setja inn í skipulag í upphafa skólaárs samvinnu milli deilda. Samval: Hafa samval þar sem hópnum er blandað saman í vali Deildarstjórar: Tali reglulega saman og hafi gott upplýsingafæði á milli svo unnið sé að sameiginlegum markmiðum í leik og starfi í þágu barnanna. Einnig að nýta mannauðinn sem best og aðstoða hvert annað. Málörvun: Að börn á sama aldursbili séu saman í málörvunar stundum og möguleiki sé fyrir hendi að taka auka börn inn ef að ástæða þykir til.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Upphaf og áætluð lok	Frá september og út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta	Metið með samtali, skráningum og á reglulegum deildarstjóra fundum
Viðmið um árangur?	Að börn og starfsfólk sé meðvitað um samstarfi milli deildanna og hvernig það virkar. Að flæði milli deilda sé einfalt og að börnin þekki og treysti starfsfólki beggja deilda.

9.3 Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

Vinaminni

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ Foreldrafundur Afa- og Dvergasteinn kl. 14.00	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Miðdagur	1 M	1 M Foreldrafundur Dvergasteinn	1 F	1 L Verklýðisdagurinn	1 Þ	1 F
2 S		2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ Foreldrafundur Álftasteinn	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	Frídagur verðunama- la	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M Foreldrafundur Dvergasteinn	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	Skipulagsdagur	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F Foreldrafundur Álftasteinn	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	Fyrsti skóladagur eftir sumari	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M Óskrif- tisdögum	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Drottindinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Spámannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L Baráttudagur gegn einelti	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ Skólazeining viðmóðabarna	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Spengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	Aðlögun nýrra barna- byrja	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Óstúdagur	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ		11 F	11 S Fætingardagur forseta Íslands (HT)	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Skipulagsdagur	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 M	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærktæðisins	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Foreldrafundur Tóftasteinn	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur Íslenskrar fámílu - Óstúðir	16 F	16 M Dagur Íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Foreldrafundur Tóftasteinn	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F
17 M		17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Foreldrafundur Tóftasteinn	17 M	17 L	17 M Annar Hvítasunn- dagur	17 F Ljóbeldisdagurinn	17 L
18 Þ	Foreldrafundur Tóftasteinn	18 F	18 S	18 M	18 F Óskrif- dagur	18 M	18 F Foreldrafundur Vöðusteinn	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Foreldrafundur Tóftasteinn	19 F	19 M	19 L	19 M	19 M
20 F	Foreldrafundur Vöðusteinn	20 S	20 Þ	20 M Dagur manntölunda	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Óskrif- dagur	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - upphaf	21 S Pálmasunnudagur	21 M	21 F Umhverfisdagur	21 M	21 M
22 L		22 Þ Foreldrafundur 2021 barna kl. 9.45	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - upphaf Þorra	22 M	22 M	22 F Óskrif- dagur kl. 11.00 - 13.00	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 S Dóttirakeppni	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Umhverfisdagur	23 S	23 M	23 F
24 M	Skólazeining grunnskólans	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aftangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L Evrópski lungumádagur	26 M	26 F	26 L Annar jóla- dagur	26 Þ	26 F	26 F Förtudagurinn langi	26 M Sumarskipulags- byrja	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Menntastefnumið	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M Annar Páskum- dagur	29 F	29 L	29 M	29 Þ	29 F
30 S		30 M	30 F Heilögisvaka	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M		31 L	31 Þ	31 M	31 F Gamlárandagur	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L



F. h. leikskólans Vinaminni:

Dags. 1. júní 2026

Pernille Tönder
Leikskólastjóri